

Tjaldsvæði Kópavogstúni

Aðgangur og verð

Tjaldsvæði með vatnssalerni verður á grasinu vestan við Hafnarfjarðarveg (á Kópavogstúni) fyrir neðan Sunnuhlíð – ekið inn frá götunni Kópavogstún

- Gjald fyrir aðstöðuna alla helgina er 7.500 kr. á gistingu
- Varast ber að valda óþarfa hávaða
- Rjúfið ekki næturkyrrð að óþörfu
- Vinnið ekki spjöll á náttúrunni
- Virðið svefnfrið á milli kl. 23:00 - 07:00.

Athugið að keppendur gista einnig á svæðinu og nauðsynlegt að þær fái hvíld

- Óheimilt er að kveikja opinn eld og farið varlega með grill og gastæki
Leggið ekki einnota grill beint á jörðina
- Hundar mega aldrei vera lausir á tjaldsvæðinu eða valda öðrum gestum ónæði eða ótta.
- Því miður er ekki aðstaða til losunar á ferðasalernum en bendum við á viðurkenndar stöðvar við Klettagarða Rvk. og Hraunavík Hfj.

Rafmagn

Því miður verður **ekki** boðið upp á rafmagn á tjaldsvæði mótsins

Rusl

Gestir eru beðnir að ganga vel um. Sorp er sett í lokaðan poka í sorpílát svæðisins það eru vaktir yfir daginn en endilega látið vita ef losa þarf sorpílát eða ruslafötur á snyrtingum (s: 839-3542)

- Sorp og flöskur/dósir skal láta í þar til gerð ílát

Umferð ökutækja

Umferð ökutækja á tjaldsvæðum skal vera í lágmarki, aðeins má aka inn og út af svæðinu en ekki aka um innan svæðis

- Öll umferð bíla er bönnuð frá **kl. 23:00 – 07:00** og gæti akstursleiðum þá verið lokað
- Heimilt er að hafa bifreið við gistingu en forðast að aka um svæðið meira en brýna nauðsyn ber til
- Athugið að hámarkshraði má aldrei fara yfir **15 km/klst**

Annað

- Viljum við einnig benda á tjaldsvæðið í Laugardal og á Vífilstaðatúni í Hafnarfirði.
- Athugið Sundlaug Kópavogs er í göngufæri frá tjaldsvæðinu
- Símanúmer: **Tjaldvakt - s: 839-3542 / Mótstjórn - s: 839-3607**

